

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
fyrir Aðgengissjóð Reykjavíkur, nr. 825/2021.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Stofnfé stofnunarinnar eru framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og opinberra aðila sem vilja leggja sitt af mörkum til þess að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra í Reykjavík.

Heildarstofnframlag stofnenda er kr. 46.000.000, sem sundurliðast svo:

Stofnframlag Byko ehf., kt. 560207-1150, er kr. 5.000.000 í formi úttektar.

Stofnframlag Deloitte, kt. 521098-2449, er kr. 3.000.000 í formi vinnu.

Stofnframlag félagsmálaráðuneytis f.h. Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar, kt. 581219-1480, er kr. 2.000.000 í peningum.

Stofnframlag forsætisráðuneytis, f.h. Stjórnarráðs Íslands, kt. 550169-1269, er kr. 3.000.000 í peningum.

Stofnframlag Haga hf., kt. 670203-2120, er kr. 2.000.000 í peningum.

Stofnframlag Kvik banka hf., kt. 540502-2930, er kr. 5.000.000 í peningum.

Stofnframlag Íslenskra aðalverktaka hf., kt. 660169-2379, er kr. 1.000.000, þ.e. kr. 500.000 í formi vinnuframlags og kr. 500.000 með efnisframlagi.

Stofnframlag Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, er kr. 3.000.000 í peningum.

Stofnframlag Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, er kr. 5.000.000 í peningum.

Stofnframlag Regins hf., kt. 630109-1080, er kr. 5.000.000 í peningum.

Stofnframlag Sjálfsbjargar, kt. 570269-2169, er kr. 1.000.000 í peningum.

Stofnframlag UENO, kt. 430214-0120, er kr. 5.000.000 í peningum.

Stofnframlag Öryrkjabandalags Íslands, kt. 631292-2599, er kr. 1.000.000 í peningum.

Stofnframlag Össurar ehf., kt. 671106-0670, er kr. 5.000.000 í peningum.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Aðgengissjóð Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 13. júní 2022,

Björn Hrafnelsson.

Auður Steingrimsdóttir.